



## UMHVERFIS- OG AUÐLINDASTEFNA VESTMANNAEYJABÆJAR

Umhverfisgreining, stefna, markmið og tillaga að aðgerðum

02.05.2022





## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

3042-012-SKY-001-V01

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Dagný Hauksdóttir

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Helga J. Bjarnadóttir

### LYKILORÐ

Umhverfisgreining, umhverfisstefna, auðlindastefna, umhverfisþættir, aðgerðaráætlun.

### STAÐA SKÝRSLU

- Drög
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

### DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

### TITILL SKÝRSLU

Umhverfis- og auðlindastefna Vestmannaeyjabæjar

### VERKHEITI

Umhverfis- og auðlindastefna Vestmannaeyjabæjar

### VERKKAUPI

Vestmannaeyjabær

### HÖFUNDUR

Eva Yngvadóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Hrafnhildur Brynjólfssdóttir frá EFLU.

Dagný Hauksdóttir, Ólafur Snorrason og Jóna Guðmundsdóttir frá Vestmannaeyjabæ.

### ÚTDRÁTTUR

Vestmannaeyjabær hefur sett fram umhverfis- og auðlindastefnu fyrir rekstur bæjarins. Fyrsta skrefið var að vinna umhverfisgreiningu á þeim þáttum í starfsemi bæjarins sem valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Niðurstöður þeirrar greiningar og yfirlit yfir umhverfisþætti og auðlindir bæjarfélagsins voru kynntar á íbúafundi í desember 2021. Í febrúar 2022 voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum frá starfsstöðvum bæjarins og bæjarstjórn þar sem safnað var tillögum um aðgerðir til að draga úr áhrifum frá starfsemi bæjarins og samfélagsins alls á umhverfi sitt. Vestmannaeyjabær framkvæmdi einnig spurningakönnun til íbúa og starfsfólks um tillögur um aðgerðir til að fylgja umhverfisstefnunni eftir.

Þeir þættir sem valda umtalsverðum áhrifum eru: raforka, kalt og heitt vatn, varasöm efni, innkaup, eldsneytisnotkun, frárennsli, fastur úrgangur og spilliefni. Mikilvægir þættir í auðlindastefnu eru náttúran, dýralíf á landi og í sjó, orka og efni í sjó, jarðefni, landnotkun, sérstaða eyjanna, fjölbreytt náttúra og menningarminjar. Þessir þættir eru tengdir við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Umhverfis- og auðlindastefnan er sett fram í þessari greinargerð ásamt tillögum að aðgerðum sem flestar hafa komið fram í samráði við starfsfólk, bæjarstjórn og íbúa bæjarins. Starfsmenn Vestmannaeyjabæjar hafa farið yfir tillögur að umbótum, tímasett aðgerðir og kostnaðargreint.

**ÚTGÁFUSAGA**

<u>NR.</u>	<u>HÖFUNDUR</u>	<u>DAGS.</u>	<u>RÝNT</u>	<u>DAGS.</u>	<u>SAMÞYKKT</u>	<u>DAGS.</u>
01	Eva Yngvadóttir, Hrafnhildur Brynjólfsson	05.04.22	Helga J. Bjarnadóttir	12.04.22.	Eva Yngvadóttir	13.04.22
02	Eva Yngvadóttir	02.05.22	Dagný Hauksdóttir, Ólafur Snorrason, Jóna Guðmundsdóttir	02.05.20 22	Eva Yngvadóttir	02.05.22

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>6</b>
1.1	<i>Umhverfisgreining</i>	6
1.1.1	Starfsemi bæjarins	7
1.1.2	Ílags- og frálagsgreining	7
1.1.3	Upplýsingasöfnun	9
1.1.4	Notkun raforku	10
1.1.5	Notkun á heitu vatni	10
1.1.6	Almennur úrgangur til urðunar	11
1.1.7	Notkun varasamra efna	12
1.2	<i>Þátttakendur</i>	12
1.3	<i>Loftslagsbókhald og kolefnisspor</i>	12
<b>2</b>	<b>Samráð</b>	<b>15</b>
<b>3</b>	<b>Umhverfis- og auðlindastefna, áherslur og tillaga að aðgerðum</b>	<b>17</b>
<b>4</b>	<b>Tillaga að aðgerðum</b>	<b>19</b>
	Áhersla: Við förum vel með náttúru, auðlindir og menningarminjar bæjarfélagsins	19
	Rafmagn, heitt og kalt vatn	19
	Frárennsli	21
	Náttúran	22
	Áhersla: Við leggjum áherslu á gott aðgengi að náttúrunni og innabæjar fyrir alla m.a. með göngu- og hjólastígum	25
	Áhersla: Við viljum draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu	26
	Úrgangur	26
	Spilliefni	29
	Áhersla: Við leggjum áherslu á ábyrg, hagkvæm og vistvæn innkaup	30
	Innkaup	30
	Áhersla: Við leggjum áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stefnum á kolefnishlutleysi árið 2030	32
	Eldsneyti	32
	Áhersla: Við viljum efla umhverfisvitund íbúa og starfsfólks með fræðslu, þjálfun, leiðbeiningum og virku umhverfisstarfi	34
	Fræðsla og miðlun	34
	Áhersla: Við sköpum aðstöðu fyrir bæjarbúa til að draga úr umhverfisáhrifum sínum	35
<b>5</b>	<b>Framfylgd umhverfis- og auðlindastefnu</b>	<b>36</b>

## 1 INNGANGUR

Vestmannaeyjabær hefur mótað umhverfis- og auðlindastefnu fyrir rekstur bæjarins. Hér er farið yfir verklagið sem var viðhaft við mótun stefnunnar, framsetningu markmiða og aðgerða.

Fyrsta skrefið við mótun stefnu og markmiða í umhverfis- og auðlindamálum fyrir rekstur bæjarfélagsins í Vestmannaeyjum var að meta stöðu bæjarfélagsins í umhverfismálum með því að framkvæma umhverfisgreiningu og taka saman kolefnisbókhald. Mikilvægir umhverfis og auðlindaþættir voru tengdir við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Í desember 2021 var haldinn íbúafundur þar sem niðurstaða umhverfisgreiningar var kynnt og skipulags- og umhverfisfulltrúi fór yfir helstu áskoranir Vestmannaeyja í umhverfismálum. Í febrúar 2022 voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum frá starfsstöðvum bæjarins og bæjarstjórn þar sem safnað var tillögum um mögulegar aðgerðir til að draga úr áhrifum frá starfsemi bæjarins og samfélagsins á umhverfi sitt. Í apríl framkvæmdi Vestmannaeyjabær einnig spurningakönnun til íbúa og starfsfólks um tillögur að aðgerðum til að fylgja umhverfisstefnunni eftir.

EFLA vann stefnuna í samstarfi við vinnuhóp frá Vestmannaeyjabæ en hann skipuðu Dagný Hauksdóttir skipulags- og umhverfisfulltrúi, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir formaður umhverfis- og skipulagsráðs og Ólafur Snorrason framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs. Vinnuhópurinn fór yfir tillögur að aðgerðum, forgangsraðaði, kostnaðargreindi og tímasetti.

Vestmannaeyjabær hefur undanfarin ár unnið að umhverfistengdum verkefnum. Nefna má m.a. uppsetningu rafhleðslustöðva, kaup á rafmagnsbílum, rafmagnslyftara og rafmagns sláttuorfum. Einnig hefur verið gert átak í lagfæringu göngustíga, t.d. Dalfjalls og Hamars.

Hér er lögð fram greinargerð með niðurstöðu umhverfisgreiningarinnar ásamt kolefnisbókhaldi og stefnu Vestmannaeyjabæjar í umhverfis- og auðlindamálum. Auk þess fylgja markmið og tillögur að aðgerðum til að fylgja stefnunni eftir.

### 1.1 Umhverfisgreining

Starfsemi bæjarins var greind m.t.t þátta í starfsemi bæjarins sem valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Um er að ræða greiningu á þáttum eins og frárennsli og ofanvatni, úrgangi, loftgæðum, efnanotkun, hávaða o.fl. Allar upplýsingar sem koma fram í umhverfisgreiningunni koma frá bæjarfélaginu. Í framhaldinu voru teknar saman magntölur fyrir ílags- og frálagsþætti fyrir árið 2019. Að auki voru upplýsingar úr aðalskipulagi Vestmannaeyja nýttar inn í greiningarvinnu fyrir auðlindastefnu.

### 1.1.1 Starfsemi bæjarins

Greindar voru eftirfarandi starfsstöðvar Vestmannaeyjabæjar:






















<p>Skrifstofur og söfn</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Bæjarskrifstofur</li> <li>•Félagsþjónusta</li> <li>•Safnahúsið, Sagnheimar, Byggðasafn</li> <li>•Eldheimar</li> </ul>	<p>Skólar og félagssmiðstöðvar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Leikskóli Kirkjugerði</li> <li>•Leikskóli –Sóli</li> <li>•Hamarsskóli</li> <li>•Barnaskóli</li> <li>•Félagssmiðstöð</li> <li>•Tónlistarskóli</li> </ul>	<p>Heilbrigðisstofnanir og vinnuverndarstarfsemi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Dvalar og hjúkrunarheimilið Hraunbúðir</li> <li>•Heimaey</li> </ul>	<p>Íþróttamannvirki</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Íþróttamiðstöð/sundalaug</li> </ul>
<p>Áhaldahús og veitur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Áhaldahús</li> <li>•Fráveita</li> <li>•Tæknideild</li> </ul>	<p>Sorpeyðing</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Sorpeyðingastöð Vestmannaeyja</li> </ul>	<p>Slökkvistöð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Slökkvistöð Vestmannaeyja</li> </ul>	<p>Höfn</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•Vestmannaeyjahöfn</li> <li>•Herjólfur</li> </ul>

Greiningin var unnin með gögnum frá 2019 en árið 2021 tók Heilbrigðisstofnun Suðurlands við rekstri Dvalar og hjúkrunarheimilisins Hraunbúða. Dvalarheimilið er því ekki lengur hluti af starfsemi Vestmannaeyjabæjar.

### 1.1.2 Ílags- og frálagsgreining

Gerð var ílags og frálagsgreining, m.t.t. umhverfismála, á allri starfsemi bæjarins, þar sem allir ílagsþættir sem þarf til að reka bæjarfélagið voru listaðir upp þ.e. orka, vatn, eldsneyti, efni, áburður ofl. og allir frálagsþættir svo sem úrgangur, spilliefni, frárennsli, loftmengun, hávaði.

Hér má sjá yfirlit yfir þætti í starfsemi Vestmannaeyjabæjar sem hafa áhrif á umhverfið (mynd 1). Þættirnir eru niðurstaða umhverfisgreiningar á því hvaða þættir í starfseminni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Á seinni myndinni má sjá mikilvæga þætti sem tengjast auðlindastefnu bæjarins (mynd 2) en þeir voru fengnir úr aðalskipulagi bæjarins. Eins má sjá tengingu þessra þátta við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægir þættir sem hafa áhrif á umhverfið				Lýsing	Umhverfisáhrif	
				Raforka	Hér er átt við notkun rafmagns í starfsemi bæjarins	Um er að ræða endurnýjanlega auðlind en hins vegar hefur öflun orkunnar umhverfisáhrif og með takmarkaðri notkun má draga úr umhverfisáhrifum og rekstrarkostnaði.
				Kalt vatn	Hér er átt við notkuná köldu vatni í starfsemi bæjarins	Um er að ræða endurnýjanlega auðlind en hins vegar geta umhverfisáhrif tengst uppdælingu grunnvatns.
				Heitt vatn	Hér er átt við notkun á heitu vatni í starfsemi bæjarins	Kalt vatn er hitað upp í varmadælustöð með varmaskiptum og í kyndistöð með gufu sem framleidd er með rafmagni. Lítil umhverfisáhrif tengjast notkun á heitu vatni.
				Varasöm efni	Um er að ræða öll merkingarskyld efni sem notuð eru í starfsemi bæjarins	Varsöm efni hafa flest heilsuskaðleg áhrif á lífverur og fólk. Því má ekki losa þessi efni út í umhverfið.
				Innkaup	Innkaup aðfanga og flutningur til Vestmannaeyja	Notkun auðlinda og brennsla eldsneytis vegna flutnings.
				Eldsneytisnotkun	Eldsneyti sem notað er á tæki, vélar og farartæki í rekstri bæjarins auk ferða starfsmanna á vegum vinnunnar, bæði flug og akstur	Við bruna eldsneytis myndast loftmengun sem veldur m.a. gróðurhúsaáhrifum og súru regni. Loftmenugnin hefur einnig neikvæðáhrif á áhrif á heilsu fólks. Notkun óendurnýjanlegra auðlinda.
				Frárennsli	Skólp frá starfsemi bæjarins og ofanvatn	Olíuefni í frárennsli geta valdið neikvæðum áhrifum á viðtaka og valdið sjónmengun.
				Fastur úrgangur	Allur úrgangur frá starfsemi bæjarins, annar en spilliefni t.d. almennur úrgangur, plast, pappi, pappír, málmar, lífrænn úrgangur	Úrgangur er í eðli sínu auðlind sem hægt er að endurnýta sé hann flokkaður rétt Umhverfisáhrif við förgun tengist losun í loft, jarðveg og vatn.
				Spilliefni	Efnarestar, olíuúrgangur, rafhlöður og fleira sem fellur til í starfsemi bæjarins	Spilliefni myndast þegar varasöm efni verða að úrgangi. Umhverfisáhrif við förgun tengist losun í loft, jarðveg og vatn.

**MYND 1** Mikilvægir þættir í starfsemi Vestmannaeyjabæjar sem hafa áhrif á umhverfið.



Heimsmarkmið	Mikilvægir auðlindabættir	Lýsing
 	Náttúran	Náttúran er helsta aðdráttaraflíð fyrir gesti. Útivistarsvæði fyrir íbúa.
  	Dýralíf í landi og á sjó	Strendurnar mikilvægar vegna lífríkis og útivistar. Nytjar fugla og egg.
 	Orka og efni í sjó	Endurnýjanleg auðlind.
	Jarðefni	Takmörkuð auðlind sem mikilvægt er að nýta á hagkvæman hátt. Mold, sandur, rauðamöl, hraunefni, stórgrýti o.fl.
 	Landnotkun	Takmörkuð auðlind sem mikilvægt er að nýta á hagkvæman hátt. Mold, sandur, rauðamöl, hraunefni, stórgrýti o.fl.
	Sérstaða eyjanna, fjölbreytt	Náttúran og söfnin draga að sér ferðamenn.
	Menningarminjar	Fimm minjaverndarsvæði friðlýst þ.e. lindin í Herjólfsdal, bærinn í Herjólfsdal, tveir kofar í Herjólfsdal, gömlu mannvirkin við Skansinn og fiskbyrgin sunnan í Hánni.

**MYND 2** Mikilvægar auðlindir í Vestmannaeyjum.

### 1.1.3 Upplýsingasöfnun

Safnað var upplýsingum fyrir árið 2019, um notkun og magn, ílags og frálagsþátta í starfsemi Vestmannaeyjabæjar. Safnað var upplýsingum um eftirfarandi þætti:

#### Húsnæði

- Rafmagn, heitt og kalt vatn

#### Notkun bíla og annarra faratækja í rekstri bæjarins

- Eldsneyti
- Notkun eldsneytis á lóðsinn

#### Ferðir starfsmanna á vegum bæjarins

- Innanlandsflug, flug erlendis, ferðir með Herjólf, akstur starfsmanna á vegum vinnunnar

#### Efnanotkun á vegum bæjarins, dæmi

- Hreinsiefni, olíur og önnur efni í áhaldahúsi, áburður, efni til meindýravarna

#### Úrgangur

- Magn eftir flokkun úrgangs

#### Spilliefni


- Magn eftir flokkun úrgangs

#### Landgræðsla

- Áburður

#### 1.1.4 Notkun raforku


Hér er sýnd raforkuorkunotkun á hvern fermetra húsnæðis bæjarins. Greinilegt er að leikskólinn Kirkjugerði, félagsmiðstöðin og dvalar og hjúkrunarheimilið Hraunbúðir skera sig úr vegna mikillar raforkunotkunar á hvern fermetra. Frá því að greiningin var gerð hefur sú breyting orðið að Hraunbúðir eru ekki lengur hluti af rekstri bæjarins auk þess sem félagsmiðstöðin er komin í annað húsnæði.



**MYND 3** Raforkunotkun árið 2019, kwst á fermetur.

#### 1.1.5 Notkun á heitu vatni


Mynd 4 sýnir notkun á heitu vatni á hvern rúmmetra húsnæðis. Greinilegt er að leikskólinn Kirkjugerði og félagsmiðstöðin skera sig úr vegna mikillar notkunar á heitu vatni á hvern rúmmetra miðað við þá starfsemi sem þar fer fram.



MYND 4 Notkun á heitu vatni árið 2019, m³/m³.

#### 1.1.6 Almennur úrgangur til urðunar

Mynd 5 sýnir magn almenns úrgangs frá starfsemi bæjarins sem fór í urðun. Endurvinnsluhlutfall úrgangs árið 2019 var um 36%.



MYND 5 Magn almenns úrgangs frá starfsemi Vestmannaeyjabæjar sem fór til urðunar árið 2019.

### 1.1.7 Notkun varasamra efna



Varasöm efni eru notuð á flestum starfsstöðvum bæjarins. Notkunin fer eftir eðli starfseminnar en hreinsiefni eru notuð á öllum stofnunum. Af öðrum efnum má nefna klór, smurolíur, málningu, áburð og fleira.

Hjá áhaldahúsi voru öryggisblöð til fyrir 35 efni en þar af voru 15 efni sem ekki eru merkingarskyld. 20 af þessum öryggisblöðum voru of gömul eða uppfylltu ekki reglugerð nr. 888/2015 REACH. Sex efni voru flokkuð sem hættuleg heilsu og þrjú efni flokkuð sem hættuleg umhverfinu.



### 1.2 Þátttakendur


Fjölmarginir starfsmenn Vestmannaeyjabæjar komu að greiningu gagna og upplýsingasöfnun og má þar nefna:

- Atli Rafn Meldal Hreinsson, Kári Bjarnason, Andrés Sigurðsson, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Friðrik Páll Arnfinnsson, Lísá Njálisdóttir, Una Sigríður Ásmundsdóttir, Flóvent Theodórsson, Ólafur Snorrason, Dagný Hauksdóttir, Eyrún Sigurjónsdóttir, Sigurjón Lárusson, Jóhann Jónsson, Fjóla Róbertsdóttir, Sveinbjörg Hauksdóttir, Karen Sigurgeirsdóttir, Grétar Eyþórsson, Hafþór Halldórsson.

### 1.3 Loftslagsbókhald og kolefnisspor

Loftslagsbókhald var sett fram fyrir rekstur bæjarins og kolefnissporið reiknað. Stuðst var við aðferðafræði Green House Gas Protocol, sbr. mynd 6. Skilgreindir voru allir þættir í starfsemi bæjarins sem valda losun gróðurhúsalofttegunda og losunin flokkuð miðað við umfang, 1, 2 og 3 skv. GHG protocol. Kolefnisspor vegna rekstrar bæjarins fyrir árið 2019 var reiknað miðað við þau gögn sem lágu fyrir.


## Losun GHG - umfang 1, 2 og 3



MYND 6 Þættir sem hafa áhrif losun gróðurhúsalofttegunda (GHL).

Mynd 7 sýnir niðurstöður kolefnisútreikninganna. Kolefnisspor vegna reksturs bæjarins var um 481 tonn CO<sub>2</sub>ígildi fyrir árið 2019. Helstu uppsprettur losunar gróðurhúsalofttegunda má rekja til eldsneytisnotkunar lóðsins (31%) og urðunar almenns úrgangs (43%).

### Losun GHG í rekstri Vestmannaeyjabæjar árið 2019



MYND 7 Loftslagsbókhald Vestmannaeyjabæjar árið 2019.

Uppspretta helstu losunarpáttá er úrgangur (43%) og notkun lóðsins (31%). Losun vegna notkunar á bifreiðum og tækjum í eigu bæjarfélagsins er um 17% af losuninni. Það er því mikilvægt fyrir rekstur bæjarins að leggja áherslu á að flokka úrgang betur og skoða möguleikana á því að skipta út lóðsinum fyrir aðra vistvænni tegund.

## 2 SAMRÁÐ

Í desember 2021 var haldinn íbúafundur þar sem Dagný Hauksdóttir skipulags- og umhverfisfulltrúi fór yfir niðurstöðu úr umhverfisgreiningu, á þeim þáttum í starfsemi bæjarins sem valda umtalsverðum umhverfisáhrifum, ásamt því að gefa yfirlit yfir umhverfi og auðlindir bæjarfélagsins. Líflegar umræður voru á fundinum og gafst íbúum tækifæri til að koma með ábendingar um hvað betur mætti fara. Upptaka af fundinum hefur verið aðgengileg á vefsíðu bæjarins<sup>1</sup>.




**MYND 8.** Frétt á vef Vestmannaeyjabæjar um íbúafund um umhverfis- og auðlindastefnu Vestmannaeyja og hlekkur á upptöku af fundinum.

Í febrúar 2022 voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum frá starfsstöðvum bæjarins og bæjarstjórn þar sem til umræðu voru drög að umhverfis- og auðlindastefnu fyrir bæinn, auk þess sem safnað var tillögum frá þátttakendum um aðgerðir til að draga úr áhrifum frá starfsemi bæjarins og samfélagsins alls á umhverfi sitt. Þessar tillögur, ásamt umræðu og umfjöllun frá íbúafundinum, mynda grunninn að þeim tillögum að aðgerðum sem fylgja drögum að umhverfisstefnunni hér fyrir aftan.

Í apríl 2022 framkvæmdi Vestmannaeyjabær könnun á meðal íbúa og starfsfólks bæjarins um viðfangsefni umhverfis- og auðlinda stefnunnar. 32 íbúar svöruðu könnuninni og 17 starfsmenn. Þar var óskað eftir tillögum að aðgerðum sem nýttar eru sem innlegg í aðgerðaráætlun til að fylgja stefnunni eftir.


<sup>1</sup> Sjá upptöku á vefslóðinni : <https://www.vestmannaeyjar.is/mannlif/frettir/ibuafundur-um-umhverfis-og-audlindastefnu-vestmannaeyja-bein-utsending>

Flestir svarendur íbúakönnunar voru eldri en 40 ára.



**MYND 9.** Aldur þátttakenda í íbúakönnun.

Karlmenn voru í meirihluta svarenda íbúakönnunar, en henni svöruðu 21 karl og 11 konur.



**MYND 10.** Kyn þátttakenda í íbúakönnun.

Þátttakendur könnunarinnar á meðal starfsfólks vinna á mismunandi stofnunum, þar á meðal Vestmannaeyjahöfn, safni, skjalavörslu, þjónustu, íþróttamiðstöð, stjórnsýslu, umhverfis- og framkvæmdasviði, grunnskóla, frístund og leikskóla.



### **3 UMHVERFIS- OG AUÐLINDASTEFNA, ÁHERSLUR OG TILLAGA AÐ AÐGERÐUM**

Umhverfis- og auðlindastefna fyrir Vestmannaeyjabæ byggir á umhverfisgreiningu fyrir starfsemi Vestmannaeyjabæjar, umræðu á almennum íbúafundi, samráðsfundum með fulltrúum starfsmanna bæjarins og úr bæjarstjórn, könnun meðal íbúa og starfsmanna sveitarfélagsins og samtali í vinnuhóp bæjarins við undirbúning stefnumótunarinnar. Að auki var litið til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, stefnu stjórnvalda, laga og reglugerða.

Allar áherslur eru tengdar við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og endurspeгла að unnið verður markvisst að þeim í starfsemi bæjarins.

# Umhverfis- og auðlindastefna Vestmannaeyjabæjar

## Vegvísir að umhverfisvænna sveitarfélagi.

Í Vestmannaeyjum er samfélag sem byggir á eyjamenningu og nýtingu náttúruauðlinda. Sveitarfélagið vill skapa góð skilyrði fyrir umhverfið, fólk, fyrirtæki og stofnanir til að búa í fjölskylduvænu samfélagi með þróttmiklu mennta og menningarstarfi og öflugu atvinnulífi. Áhersla er á að varðveita sérkenni landslags, náttúru og menningarminja.

Vestmannaeyjabær er sveitarfélag með fjölbreytta starfsemi, þar á meðal skrifstofur og söfn, skóla og félagsmiðstöðvar, vinnu og hæfingarstöð, íþróttamannvirki, áhaldahús og veitur, móttökustöð fyrir sorp, slökkvistöð og höfn.

## Framtíðarsýn

Vestmannaeyjabær er framúrskarandi á sviði umhverfismála í allri starfsemi sveitarfélagsins.

## Stefna

Vestmannaeyjabær leggur áherslu á að ganga vel um náttúruauðlindir samfélagsins, koma í veg fyrir mengun og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum umhverfisáhrifum af rekstri bæjarins með stöðugar umbætur að leiðarljósi.

## Áherslur

Til að fylgja stefnu sinni leggur Vestmannaeyjabær áherslu á eftirfarandi í rekstri bæjarins

- Við förum vel með náttúru, auðlindir og menningarminjar bæjarfélagsins.
- Við leggjum áherslu á gott aðgengi að náttúrunni fyrir alla m.a. með göngu- og hjólastígum.
- Við viljum draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu.
- Við leggjum áherslu á ábyrg, hagkvæm og vistvæn innkaup.
- Við tryggjum að öllum lagakröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og göngum lengra þegar það á við.
- Við viljum efla umhverfisvitund íbúa og starfsfólks með fræðslu, þjálfun, leiðbeiningum og virku umhverfisstarfi.
- Við leggjum áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stefnum á kolefnishlutleysi árið 2030.
- Við sköpum aðstöðu fyrir bæjarbúa til að draga úr umhverfisáhrifum sínum

Vestmannaeyjabær setur sér reglulega metnaðarfull markmið í umhverfis- og auðlindamálum sem eiga við um rekstur bæjarins og hvetjum fyrirtæki í sveitarfélaginu til að gera hið sama.

## Eftirfylgni

Vestmannaeyjabær vaktar mikilvæga umhverfis- og auðlindaþætti í starfsemi sinni til að fylgjast með árangri sínum. Stefnan og aðgerðaráætlunin eru rýnd og uppfærð reglulega af bæjarstjórn, fylgt eftir af umhverfisnefnd og upplýsingum um stefnuna og árangur miðlað til starfsmanna og íbúa bæjarins.

## 4 TILLAGA AÐ AÐGERÐUM

Sveitarfélagið hefur rýnt í þá þætti í starfsemi sinni sem hafa mest áhrif á umhverfi og auðlindir og fela í sér tækifæri til að bæta umhverfi, efnahag og heilsu. Hér eru lagðar fram þær áherslur sem koma fram í umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Vestmannaeyjabæjar, ásamt markmiðum og tillögum að aðgerðum til að fylgja stefnunni eftir. Tillögur að aðgerðum sem hér eru settar fram eru flestar komnar frá samráðsfundi með starfsmönnum bæjarins og bæjarstjórn ásamt niðurstöðum könnunnar meðal íbúa og starfsmanna sveitarfélagsins.

Aðgerðirnar eru settar fram með fyrirvara um samþykki í fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar.

**Áhersla: Við förum vel með náttúru, auðlindir og menningarminjar bæjarfélagsins.**

### Rafmagn, heitt og kalt vatn



Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu

Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun

Raforka, heitt og kalt vatn eru endurnýjanlegar auðlindir en öflun þessara auðlinda hefur umhverfisáhrif. Með því að takmarka notkun má draga úr umhverfisáhrifum og rekstrarkostnaði.

#### MARKMIÐ:

MINNKA RAFMAGNSNOTKUN Í REKSTRI BÆJARINS UM 50% ÁRIÐ 2030 MIÐAÐ VIÐ NOTKUN ÁRSINS 2019.

Aðgerðir	Tími	Auðlindir (mannafli, kostnaður)	Ábyrgð	Eftirfylgni
Innleiða vöktun á notkun rafmagns á rekstrareiningar, setja viðmið um notkun og bregðast við til að ná þeim viðmiðum.	Sept 2022 - jan 2023	Manntímar = 40	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs

Gera úttekt á rafmagnsnýtingu.	Sept 2022 - jan 2023	Manntímar = 100	Verkefnisstjóri/ húsvörður og forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Skoða að setja sólarcellur á mannvirki.	Sept 2022 – apríl 2023	Manntímar = 120	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Gera áætlun um betri nýtingu rafmagns.	Jan 2023 – des 2023	Manntímar = 100	Verkefnisstjóri/ húsvörður og forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Birtu stilla ljós hjá stofnunum bæjarins og ljósastaura.	jan 2023 – des 2030	Tækjabúnaður 15.000.000 kr. Manntímar = 150	Verkefnisstjóri/ húsvörður	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Setja hreyfiskynjara á ljós þar sem talið er tækifæri til rafmagnssparnaðar með þeirri aðferð.	Verkefnið er í gangi – verður lokið 2028	Tækjabúnaður = 400.000 kr./ár Manntímar = 20 /ár	Verkefnisstjóri/ húsvörður	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Slökkva á tölvum og tækjum í lok dags.	Verkefnið er í gangi og verður viðvarandi	Manntímar = 2 /ár	Kerfisstjóri	Umhverfisfulltrúi
Led væða allar starfsstöðvar, þar á meðal íþróttamiðstöð, þegar endurnýja þarf perur.	Verður lokið 2030	Ljós = 5.000.000 kr. /ár Manntímar = 0	Húsvörður/ forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Ljúka við að setja LED ljós í alla ljósastaura bæjarins.	Verður lokið 2027	Ljós = 75.000.000 kr. Manntímar = 2.500	Tækniteiknari	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Skoða möguleika og þróun á endurnýjanlegri orku.	Verkefnið er í gangi – kynning og fundur 1 x ári	Manntímar = 30 /ári	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Leggja áherslu á orkunýtingu við innkaup raftækja.	Verkefnið er í gangi og verður viðvarandi	Manntímar = 0	Húsvörður/ forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Fræða starfsfólk og íbúa bæjarins um mikilvægi þess að fara vel með rafmagnsauðlindir.	Sept 2022 og verður viðvarandi	Manntímar = 20 /ári	Forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs

#### MARKMIÐ:

**MINNKA VATNS NOTKUN Í REKSTRI BÆJARINS UM 10% ÁRIÐ 2024 MIÐAÐ VIÐ NOTKUN ÁRSINS 2019.**

Aðgerðir	Tími	Auðlindir (mannafli, kostnaður)	Ábyrgð	Eftirfylgni
Innleiða vöktun á notkun vatns á rekstrareiningar, setja viðmið um notkun og bregðast við til að ná þeim viðmiðum.	Sept 2022 - jan 2023	Manntímar = 40	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs

Gera úttekt á glatvarma og vatnsnotkun fyrirtækja/stofnana.	Jan 2023 – jan 2024	Manntímar = 700	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Fræða starfsfólk og íbúa um hvernig hægt er að spara vatn og mikilvægi þess að fara vel með auðlindir.	Er í gangi og verður viðvarandi	Manntímar = 20 /ári	Umhverfisfulltrúi /Forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs

## Frárennsli



Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu

Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun

Hér er um að ræða skólp frá starfsemi bæjarins og ofanvatn. Mengun í frárennsli og aðskotahlutir valda neikvæðum áhrifum á viðtaka og sjónmengun.

### MARKMIÐ: DRÖGUM ÚR MAGNI ÚRGANGS SEM FER Í FRÁRENNSLIÐ, SEM Á EKKI AÐ FARA ÞANGAÐ

Aðgerðir	Tími	Auðlindir (mannafli, kostnaður)	Ábyrgð	Eftirfylgni
Gera mælingar á frárennslinu (gerlar, ss og BOD)	Sept 2022 og viðvarandi	Kostnaður = 1.500.000 kr. / ár Manntímar = 10 /ár	Framkvæmdastjóri UF sviðs / starfsmaður áhaldahúss	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Árverkniáttak um hvaða þættir megi fara í frárennslið – t.d. bæklingar, plaköt, fréttir, færslur á vef bæjarins (t.d. um hluti sem hafa fundist í frárennslinu) og heimsóknir í skóla og á stofnanir bæjarins.	Sept ár hvert	Kostnaður = 500.000 kr. / ár Manntímar = 40 /ári	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Banna blautklúta á vinnustöðum Vestmannaeyjabæjar.	Janúar 2023 - Ágúst 2023	Kostnaður = 100.000 kr. Manntímar = 10	Umhverfisfulltrúi / Forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Auka notkun á fjölnota þvottapokum, tuskum og handklæðum í stað einnota.	Janúar 2023 - Viðvarandi	Kostnaður = 50.000 kr. /ári Manntímar = 10 /ári	Umhverfisfulltrúi /Forstöðumenn	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Hvetja fyrirtæki til að setja upp hreinsibúnað þar sem næringarefni eru auðlind sem í dag er fargað í sjó.	Verkefnið er í gangi og er viðvarandi	Manntímar = 40 /ári	Framkvæmdastjóri UF sviðs / Bæjarstjóri	Framkvæmdastjóri UF sviðs

Þannig væri hægt að auka nýtingu lífrænna efna og næringarefna.

## Náttúran



Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar



Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði



Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla



Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær



Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð



Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Náttúran, dýralíf í landi og á sjó, orka og efni í sjó, jarðefni, landnotkun, sérstaða eyjanna og menningarminjar, allt eru þetta mikilvægir auðlindaþættir fyrir Vestmannaeyjabæ. Bærinn leggur áherslu á að fara vel með náttúru, auðlindir og menningarminjar bæjarins.

### MARKMIÐ: HREINT UMHVERFI OG STRENDUR

Aðgerðir	Tími	Auðlindir (mannafli, kostnaður)	Ábyrgð	Eftirfylgni
Kortleggja staðsetningu ruslatunna.	Mái 2022 – Ágúst 2022	Manntími = 20	Tækniteiknari	Umhverfisfulltrúi
Hreinsa upp og fækka geymslusvæðum á Eldfellshrauni	Júní 2022 – Ágúst 2025	Kostnaður = 100.000 /ári	Umhverfisfulltrúi /Forstöðumaður áhaldahúss	Framkvæmdastjóri UF sviðs

		Manntími = 80 /ári		
Innleiða kerfi fyrir hafnargjöld sem er tengt við mengunarflokk skipa	Jan 2023	Manntími = 10 /ári	Hafnarstjóri	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Fara í samstarf við skólana um þátttöku nemenda í að fegra bæinn, tína rusl og fleira.	Byrja 2022	Kostnaður = 50.000 /ár Manntími = 8 /ári	Skólastjórar	Umhverfisfulltrúi
Hvetja íbúa til að hreinsa nærumhverfi sitt.	Maí 2022 - Viðvarandi	Manntími = 8 /ári	Miðlunarteymi	Umhverfisfulltrúi
Vekja athygli íbúa á að ganga frá notuðum umbúðum af flugeldum.	Des 2022 og viðvarand	Manntími = 8 /ári	Umhverfisfulltrúi /Miðlunarteymi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Standa fyrir sumarátaki við hreinsun stranda.	Júní ár hvert	Kostnaður = 150.000 /ár Manntímar = 5 /ár	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Fjölga ruslatunnum t.d. við Klaufina, Skansinn, Hamarinn. Setja stærri sorptunnur á valda staði.	Er í gangi og verður viðvarand	Kostnaður = 200.000 /ár Manntími = 10 /ári	Forstöðumaður áhaldahúss	Framkvæmdastjóri UF sviðs
Standa fyrir almennum hreinsunardegi 1x á ári	Júní ár hvert	Kostnaður = 300.000 /ár Manntímar = 10 /ár	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
<ul style="list-style-type: none"> <li>Fáum félagasamtök til að taka „ábyrgð“ á ákveðnum svæðum á hreinsunardeginum.</li> <li>Auglýsa skipulega</li> <li>Hafa fögnuð</li> </ul>				
Átak hjá stofnunum og fyrirtækjum m.a. um hreinsun á sínum svæðum.	Er í gangi og verður viðvarand	Manntími = 4 /ári	Umhverfisfulltrúi	Framkvæmdastjóri UF sviðs
